

Málsnr.: 1509242

Málalykilli: 0342



Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 5. janúar 2016

Tilv.: IRR15120185/11.1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 17. desember sl., þar sem þess er farið á leit að ráðuneytið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna) þingskjal nr. 100.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt gildandi rétti eru refsingar tvennskona, annars vegar fésektir og hins vegar fangelsisrefsingar. Þá er heimilt að skilorðsbinda fangelsisrefsingar. Algengast er að skilorðsbundinn fangelsisdómur sé eingöngu bundinn því almenna skilyrði að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum. Einnig er heimilt að binda fangelsisrefsingar sérskilyrðum, auk almenna skilyrðisins, svo sem að aðili sæti umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, að aðili sæti tilmælum umsjónarmanns um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn, að aðili neyti ekki áfengis eða deyfilyfja o.fl. Notkun sérskilyrða er ekki algeng hér á landi í framkvæmd. Samkvæmt upplýsingum á vef Fangelsismálastofnunar, fangelsi.is, kemur fram að fjöldi dómþola með skilorðsbundna fangelsisrefsingar árið 2009 voru 452, þar af voru 4 dómþolar með dóm þar sem skilorð var bundið sérskilyrðum. Árið 2010 voru 394 dómþolar með skilorðsbundinn dóm, þar af 5 dómþolar bundnir sérskilyrðum. Árið 2011 voru 478 dómþolar með skilorðsbundin dóm, þar af 6 bundnir sérskilyrðum. Árið 2012 voru 513 dómþolar með skilorðsbundinn dóm, þar af var einn dómþoli bundinn sérskilyrðum og árið 2013 voru 442 dómþolar með skilorðsbundinn dóm, þar af 6 bundnir sérskilyrðum. Loks er heimilt samkvæmt gildandi rétti að fullnusta allt að 9 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Hér á landi er samfélagsþjónusta skilgreind sem fullnustuúrræði og er það í höndum Fangelsismálastofnunar að ákveða, sæki dómþoli um samfélagsþjónustu, hvort dómþoli fái að afplána dóminn með samfélagsþjónustu. Synji Fangelsismálastofnun dómþola um að fullnustu dóm með samfélagsþjónustu er synjunin kæránleg til æðra stjórnvalds og fer þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, yfir gögn málsins og tekur ákvörðun sem æðra stjórnvald er bundið af. Víða annars staðar er samfélagsþjónusta ein tegund refsingar.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýju ákvæði, 57. gr. b., verði bætt við almenn hegningalög nr. 19/1940 og samkvæmt ákvæðinu verði heimilt að setja það sem skilyrði fyrir skilorðsbindingu fangelsisrefsingar að dómþoli inni af hendi samfélagsþjónustu enda sé sakborningur á aldrinum 15-21 árs. Gert er ráð fyrir því að dómari ákveði tímafjölda í samfélagsþjónustu í hverju tilviki og á hve löngum tíma samfélagsþjónustan sé innt af hendi. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómari muni líta til núverandi framkvæmdar í þessum efnunum á grundvelli laga um fullnustu refsinga með vísan til jafnræðissjónarmiða. Þá er það gert að skilyrði í ákvæðinu að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu á grundvelli athugunar á persónulegum högum hans og hann afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi. Loks kemur fram að um framkvæmd og fullnustu samfélagsþjónustu á grundvelli þessa ákvæðis fari að öðru leyti samkvæmt lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005.

Svo sem fram hefur komið er gert ráð fyrir að úrræðið samfélagsþjónusta í ofangreindu frumvarpi verði eitt af sérskilyrðum sem hægt verði að binda við frestun á fullnustu fangelsisrefsinga. Ráðuneytið telur orðaval annars vegar í 1. mgr. þar sem notast er við orðið „sakborning“ og hins vegar í 2. mgr. þar sem notast er við orðið „dómpola“ ekki heppilegt. Betur færi á að nota orðið aðili í báðum tilvikum svo sem til að gæta samræmist við 57. gr. laganna. Þá bendir ráðuneytið á að skapast geti óvissa um það hver tímafjöldi í samfélagsþjónustu eigi að vera og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta eigi að vera innt af hendi í dómum sem kveða á um fleiri mánuði en heimilt er að fullnusta með samfélagsþjónustu samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 þegar viðmiðunum sleppir. Rétt væri að setja viðmið í almenn hegningalög nái frumvarpið fram að ganga. Þá bendir ráðuneytið á að gerðar eru minni kröfur til beitingu þessara úrræðis en gerðar eru til verðandi samfélagsþjóna samkvæmt lögum um fullnustu refsinga. Rétt gæti verið að gera þá kröfur að áður en dómari beiti úrræðinu fái hann mat eða umsögn barnaverndaryfirvalda eða annarra þar til bærri aðila um hvort rétt sé að gera samfélagsþjónustu sem skilyrði.

Ráðherra hefur falið refsiréttarnefnd að skoða hvort gera eigi breytingar á núverandi kerfi þannig að samfélagsþjónusta verði ein tegund refsingar, og þá í hvaða tilvikum og að hvaða skilyrðum uppfylltum slíkt kæmi til greina. Telur ráðuneytið rétt að áður en gerðar eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu liggi fyrir skoðun refsiréttarnefndar sbr. erindi ráðherra til nefndarinnar.

Loks er rétt að benda á að beiting samfélagsþjónustu í íslenskum rétti hefur gengið vel miðað við núverandi kerfi og er endurkomutíðni þeirra sem afplána fangelsisdóm með samfélagsþjónustu lægst hér á landi miðað við hin Norðurlöndin.

Fyrir hönd ráðherra

  
Bryndís Helgadóttir

  
Skúli Þór Gunnsteinsson